
Fjölrit RALA nr. 203

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1998–1999



STARFSVETTANGUR

Starfsfólk RALA vinnur að rannsóknum um allt land. Gróðurfars- og umhverfisrannsóknir eru gerðar bæði á hálendi og láglandi. Ræktunartilraunir eru gerðar í samvinnu við bændur. RALA er með tilraunastöðvar á Suður-, Norður- og Vesturlandi þar sem vísindamenn sinna fjölbreyttum tilraunum. Samstarf er við fjölmargar innlendir og erlendar vísindastofnanir og háskóla.

Nokkrir starfsmenn Landgræðslunnar hafa vinnuástöðu á Keldnaholti og starfsfólk RALA hefur aðstöðu til rannsókna í Gunnarsholti. Starfsmenn búrekstrarviðs hafa aðstöðu á Búgarði, Akureyri, ásamt öðrum fagaðilum.



Höfuðstöðvar RALA eru að Keldnaholti í Reykjavík. Þar er gróðurhús og aðstaða til fiskeldis- og búfjárrannsókna. Einnig er þar miðlæg þjónusta.



Á Möðruvöllum í Hörgárdal er tilraunaffjós, rannsóknarstofur, um 80 ha ræktaðs lands, auk beitilands. Búrekstrarvið hefur meginástöðu þar.



Á Stóra Ármóti í Hraungerðishreppi er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparrækt.



Á Hesti í Borgarfirði er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með beit og meðferð sauðfjá.



Bútækni svið er á Hvanneyri og þar er sinnt rannsóknum í véltækni og landbúnaðarbyggingum. Aðstaðan er einnig nýtt til kennslu og námskeiðahalds í samvinnu við Landbúnaðarháskólann.



Korpa er tilraunastöð í nágrenni Keldnaholts með aðstöðu fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.